

REGLUGERÐ

um (5.) breytingu á reglugerð nr. 204/2023 um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2325 um að fastsetja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848, skrána yfir þriðju lönd og skrána yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem hafa verið viðurkennd að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist einn nýr töluliður, 8. tölul., svohljóðandi:

8. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2785 frá 14. desember 2023 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/2325 er varðar viðurkenningu á tilteknum eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum inn í Sambandið. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2024, frá 5. júlí 2024. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 69, frá 19. september 2024, bls. 518.

2. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 93/1995 um matvæli.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 93/1995 um matvæli. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 27. september 2024.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.

Svava Pétursdóttir.